HÚNAÞING VESTRA

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Smiðju
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 6. október 2025
Mál nr. 2509106 U.V.H.

Efni: Umsögn um frumvarp til þingsályktunar um borgarstefnu

Á 1257. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 6. október 2025 var umsagnarbeiðni um frumvarp til þingsályktunar um borgarstefnu fyrir árin 2025-2040 tekin fyrir. Svohljóðandi var bókað:

Málið var áður lagt fram á 156. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Það er nú endurflutt með breytingum í samræmi við nefndaálit meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar. Byggðarráð veitti svohljóðandi umsögn um málið á 124. fundi sínum sem haldinn var þann 31. mars 2025:

Byggðarráð Húnaþings vestra styður mótun heildrænnar borgarstefnu fyrir Ísland. Ráðið telur mikilvægt að í slíkri stefnu sé skýrt kveðið á um hlutverk og skyldur höfuðborgar og svæðisborgar gagnvart landsbyggðunum. Í framkomnum drögum vantar að mati ráðsins nokkuð þar upp á og meðal annars nauðsynlegt að rík áhersla sé lögð á hlutverk Reykjavíkurflugvallar og Landspítalans í þjónustu við landsbyggðirnar. Einnig leggur ráðið áherslu á að til viðbótar við samgöngur á lofti er brýnt að samgöngur á landi séu viðunandi svo íbúar landsbyggðanna hafi sem best aðgengi að þjónustu í höfuðborginni. Í því sambandi vill ráðið leggja áherslu á að ráðist verði í byggingu Sundabrautar sem allra fyrst enda sýni greiningar að íbúar Húnaþings vestra sæki sér þjónustu sem ekki er veitt í nærumhverfi að mestu á höfuðborgarsvæðið. Sú framkvæmd myndi auðvelda aðgengi íbúa á vestur- og norðurhluta landsins að þjónustu í Reykjavík til mikilla muna.

Byggðarráð tekur undir sjónarmið þau sem fram koma í umsögn Skagafjarðar og fleiri sveitarfélaga um að þess verði gætt að borgarstefna leiði ekki til þess að dregið verði úr nauðsynlegri uppbyggingu grunn innviða annarsstaðar á landinu m.a. hvað varðar heilbrigðisþjónustu, mennta- og menningarmál, löggæslu og opinbera stjórnsýslu. Með öðrum orðum að stefnan leiði til uppbyggingar en ekki til frekari skerðinga á þjónustu á landsbyggðunum en orðið er.

Byggðarráð ítrekar framangreinda umsögn.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Byggðarráð áskilur sér rétt til umsagnar um málið á seinni stigum og lýsir sig tilbúið til samtals við umhverfis- og samgöngunefnd um málið.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.